

Fóstureyðingaiðnaðurinn, ófrjósemisaðgerðir og valdefling kvenna: II

Mannfjöldastofnun SP aðstoðaði Kínverja dyggilega við fóstureyðingar. Kínverskum konum var um árabil einungis leyft að eignast eitt barn, síðar tvö. SP aðstoðuðu Kínverja við framkvæmd þessarar stefnu, m.a. með því að efla stafrænt eftirlit með mæðrunum. Þær settu á fót stofnun í þessu skyni, þar sem sköpuð var stafræn eftirlitstækni, kennslatækni þar á meðal. Fóstureyðingafulltrúar stjórnvalda voru jafnframt þjálfaðir með hjálp SP.

Mæðrum, sem voru barnshafandi í annað sinn, meðan eins-barns-stefnan var við lýði, var smalað saman í fóstureyðingabúðir kínverska ríkisins. Fóstrin voru ýmist lögð við hlið þeirra í rúmi, lögð á dúk á gólfinu eða fleygt í sorpið. Hefðinni samkvæmt völdu foreldrar drengi, væri þess kostur, svo séð yrði fyrir þeim í ellinni. Gæti þessi grimmd að einhverju leyti útskýrt fleiri sjálfsmorð kvenna í Kína, en annars staðar sjást á byggðu bóli?

Mannfjöldastofnun SP verðlaunaði Kínverja fyrir frammistöðu sína við fólksfækkun. Samkvæmt upplýsingum Byltingarflokks (Kommúnistaflokks) Kína, kom Flokkurinn, með aðstoð Sameinuðu þjóðanna, í veg fyrir rúmlega 400 milljón fæðingar og eyddi 336 milljón fóstrum.

Gamalgróin vanþóknun Vesturlandabúa á fólki af framandi kynþáttum náði fótfestu í fræðum nítjándu aldar, þ.e. erfðabótafræði (eugenics), mannfjöldafræði og þjóðfræði (ethnology). Þau réðu miklu um stefnu nýlenduveldanna og fengu bólfestu í ofurmennskuhugmyndum nasista í annarri heimsstyrjöldinni. Þau hafa líka skotið rótum í stofnunum SP, enda hafa fyrrverandi nýlenduveldi þar undirtökin.

Bandaríkjamenn voru snemma á 20. öldinni á bólakafi í erfðabótarannsóknum í samvinnu við þýska vísindamenn. Rannsóknirnar voru fjármagnaðar af Rockefeller fjölskyldunni. Bandarísk stjórnvöld og stjórnvöld fleiri ríkja Vesturlanda eins og t.d. Svíþjóðar, héldu áfram starfi þýskra nasista með ófrjósemistilraunir og -aðgerðir á þroskaheftum.

Bandaríkjamenn stunduðu jafnframt rannsóknir í anda nasistaböðulsins, læknisins, Josef Rudolf Mengele (1911-1979), á fátækum, þroskaheftum og föngum. Þeir gerðu sömuleiðis fólkskulegar bóluefnatilraunir á sömu hópum.

Áherslan á fækkun fólks í „þriðja heiminum“ svokallaða hefur ekki einungis beinst að fóstureyðingum, heldur einnig ófrjósemisaðgerðum, eins og t.d. í Perú. Þar hefur

aragrúi frumbyggjamæðra verið gerður ófrjór í boði Bandaríkja Norður-Ameríku, að þeim forspurðum. Konurnar voru lokkaðar til þessara aðgerða með valdeflingu kvenna að yfirvarpi.

Valdefling kvenna er einmitt eitt af sjálfbærnimarkmiðum SP fyrir 2030, sbr. markmið 5 um jafnrétti kynjanna og valdeflingu stúlkna og kvenna. Íslensk yfirvöld fylgja þeirri áætlun dyggilega.

Innan vébanda SP starfa ýmsar velgjörða- eða manngæskustofnanir (non-governmental organizations). Þær eru bæði þjóðlegar og fleirþjóðlegar. Stofnanir þessar, sem hafa afgerandi áhrif á störf og stefnu SP, njóta skattfríðinda og heyra ekki undir lögsögu nokkurs ríkis. Þær eru venjulega fjármagnaðar af auðjöfrum, að mestu leyti. Sumar eru styrktar af stjórnvöldum ýmissa ríkja. Samskot meðal almennings þekkjast líka.

Ein slíkra stofnana er „Mannfjöldaráðið“ (Population Council). Það var stofnað af John D. Rockefeller III og beitir sér í þágu valdeflingar kvenna og að umbótum á erfðaefni mannkyns. En eins og raun ber vitni um eru slíkar yfirlýsingar til þess hugsaðar að slá ryki í augu fólks og hylma yfir eiginlegan tilgang; að fækka óæskilegu fólki. Þessi mannúðarstofnun fer reyndar ekki í felur með tilgang sinn, sbr. þessa yfirlýsingu:

Svo var komið fyrir „... siðmenningu nútímans, að hún hafði dregið máttinn úr náttúrvalinu með því þjarga „veikburða“ lífi og auðveldað því að æxlast - [og þar með] stuðlað að verra erfðaefni.“

Það er vissulega ekki bara í Perú, að stofnanir SP eins og Mannfjöldastofnunin hafa unnið sín myrkraverk meðal fátækari þjóða. Slóðin liggur einnig um Indland, Afríku, Pakistan, Kóreu og víðar. Stundum eru um að ræða „getnaðarvarnir,“ sem ósjaldan stórskemma æxlunarfæri þeirra kvenna, sem valdelfdar eru.

Ótaldar eru allar þær ófrjósemisáætlanir, sem eru dulbúnar sem bólusetning gegn hinum og þessum kvillum. Sumar þeirra hafa beinlínis leitt til fóstureyðinga eins og þegar þunguðum konum í Keníu var talin trú um, að bóluefni gegn stífkrampa (tetanus) myndi vernda fóstur/börn þeirra. Það var dulin fóstureyðing.

Fjarstýrðar getnaðarvarnir, sem Bill Gates hefur á þrjónunum, meðfram annarri náttúrvernd, bólusetningum og gervifæðuframleiðslu, eru einnig áhugaverðar í þessu sambandi.

Allt er þetta unnið í anda markmiðs 5 í sjálfbærniáætlun SP, sem áður er tæpt á: „Jafnrétti kynjanna. Jafnrétti kynjanna verði tryggt og staða allra kvenna og stúlkna styrkt.“ Þar segir um undirmarkmið 6.:

„Tryggð verði jöfn tækifæri og réttur allra til æxlunarheilbrigðis, eins og samþykkt var með framkvæmdaáætlunum alþjóðaráðstefnunnar um mannfjölda og þróun og kvennáráðstefnunnar í Beijing sem og niðurstöðum skýrslna sem unnar voru í kjölfar ráðstefna þar sem staðan var endurskoðuð.“

Það eru uppgrip í fólksfækkunariðnaði um þessar mundir. Hvorki meira né minna en 37 mannúðarstofnanir vinna að þessu verkefni. Alþjóðlegt samband um fjölskylduáætlanagerð (International Planned Parenthood Federation) hefur þegar borið á góma.

„Áætlun um kynningu og aðlögun getnaðarvarnatækni“ (Program for the Introduction and Adaptation of Contraceptive Technology – PIACT), er önnur áhugaverð stofnun, sem Bill Gates fjármagnar. Hún starfar að því að skapa getnaðarvörnum farveg í „þróunarlöndunum,“ auka tiltrú á þeim.

Starf PIACT endurspeglast nú í sjálfbærni- eða heimsmarkmiðum SP fyrir 2030, einkum markmiði 3 (heilsa og vellíðan), 5 (jafnrétti kynjanna) og 9 (nýsköpun og uppbygging). (Áætlunin var samþykkt 2015, aðalmarkmið eru 17, undirmarkmið 169 talsins.)

Nafni fyrrgreindrar áætlunar hefur nú verið breytt í „Áætlun um hentuga tækni í heilbrigðisþjónustu“ (Program for Appropriate Technology in Health – Path):

„Starf okkar felst í því að bæta kyn- og æxlunarheilsufar og vellíðan kvenna og stúlkna með því að beisla nýsköpunarorkuna. ... Efla konur og stúlkur að afli, svo þær megi sjálfar skilgreina, hvað í kyn- og æxlunarheilbrigði felst,“ segir hún.

[https://www.thelancet.com/journals/lancet/article/PIIS0140-6736\(17\)30270-2/fulltext](https://www.thelancet.com/journals/lancet/article/PIIS0140-6736(17)30270-2/fulltext)

<https://www.un.is/heimsmarkmidin/jafnretti-kynjanna/>

<https://www.heimsmarkmidin.is/>

<https://www.path.org/programs/reproductive-health/>

<https://hrp.law.harvard.edu/sexual-and-reproductive-rights/namibias-highest-court-finds-government-forcibly-sterilized-hiv-positive-women/>

<https://www.aljazeera.com/features/2016/4/8/peru-history-of-forced-sterilisation-overshadows-vote>

<https://uia.org/s/or/en/1100062960>

<https://www.bbc.com/news/world-latin-america-34855804>

<https://www.theguardian.com/global-development/2017/apr/04/trump-administration-un-population-fund-abortion>

<https://intercontinentalcry.org/forced-sterilization-272000-indigenous-women-not-crime-humanity-public-prosecutor/#:~:text=In%20Peru%2C%20during%20the%20presidency,and%20living%20in%20rural%20areas.>

<https://civilresistance.info/biblio-item/2015/forced-sterilisation-haunts-peruvian-women-decades>

<https://www.unfpa.org/unfpa-supplies-partnership>

<https://news.un.org/en/story/2021/01/1083312>

<https://www.dailymail.co.uk/news/article-1361275/Americas-shocking-secret-US-experimented-disabled-citizens-prison-inmates.html>

<https://www.ncregister.com/news/fujimori-re-imprisonment-and-peru-s-forgotten-forced-sterilization-program>

<https://www.lifenews.com/2012/07/09/abortion-is-chinas-weapon-of-mass-destruction-eliminating-millions/>

<https://www.unfpa.org/press/unfpa-response-reports-peru-sterilizations>

<https://www.youtube.com/watch?v=uW8FBxlyjrl>

<https://www.globaltimes.cn/page/202211/1278546.shtml>

<https://feminisminindia.com/2020/09/04/history-of-forced-sterilisation-concerns-us-even-today/>

<https://edition.cnn.com/2014/11/11/world/asia/india-sterilization-deaths/index.html#:~:text=Story%20highlights&text=At%20least%2011%20women%20have,clinic%20in%20India%2C%20authorities%20said.>

<https://time.com/2963130/the-future-of-birth-control-remote-control-fertility/>

<https://nationalpost.com/news/bill-gates-funds-birth-control-microchip-that-lasts-16-years-inside-the-body-and-can-be-turned-on-or-off-with-remote-control>

<https://www.washingtonpost.com/archive/politics/1985/01/08/chinas-birth-control-policy-drives-some-to-kill-baby-girls/77bf59d0-b0c0-4261-a1e5-51ea6a3b8939/>

<https://www.nytimes.com/2019/02/22/health/trump-defunds-planned-parenthood.html>

<https://abortiondocs.org/wp-content/uploads/2017/02/20161221Florida1.pdf>

<https://blog.fathersforlife.org/2018/08/23/male-circumcision-multibillion-dollar-business/>

<https://www.vice.com/en/article/43bxgm/the-beauty-industry-is-part-of-a-baby-foreskin-flesh-trade-anti-circumcision-activists-warn>

<https://www.bostonmagazine.com/health/2015/04/14/baby-foreskin-facial-boston-hydrfacial/#:~:text=But%20%E2%80%9Cbaby%20foreskin%E2%80%9D%20being%20used,grow%20these%20cells%20for%20decades.>

<https://www.washingtonpost.com/news/wonk/wp/2016/05/27/critics-say-theyre-selling-baby-body-parts-they-say-theyre-saving-lives/>

<https://www.nytimes.com/2015/07/28/health/fetal-tissue-from-abortions-for-research-is-traded-in-a-gray-zone.html>

<http://www.centerformedicalprogress.org/cmp/investigative-footage/>

<https://www.plannedparenthood.org/about-us/newsroom/press-releases/katrina>

<https://thehill.com/blogs/pundits-blog/healthcare/301134-how-100-years-of-planned-parenthood-leads-to-clintons-abortion/>

<https://dta0yqvfnusiq.cloudfront.net/allnaturalhealingsrq/2019/05/Companies-That-use-Aborted-Human-Fetuses-in-their-Foods-5ce5f2e5eb52e.pdf>

<https://www.youtube.com/watch?v=pVTiAJ1e9SM>

<https://www.lifenews.com/2016/04/05/hillary-clinton-an-unborn-child-just-hours-before-delivery-has-no-constitutional-rights/>

<https://www.plannedparenthood.org/about-us/newsroom/press-releases/planned-parenthood-honors-secretary-state-hillary-rodham-clinton-her-commitment-womens-health-c>

https://utvarpsaga.is/thagga-tharf-nidur-lygar-hennar-og-sidleysi-katholskur-biskup-segir-hillary-clinton-vonda-konu/?fbclid=IwAR38Xjr211zM3S8m7knC3Sfl-bEZYXtVMkdnCPEiq30XfcH34FxTD_T7yA8

<https://www.bitchute.com/video/Awrt6vmFdYpw>

<https://www.bitchute.com/video/DthgkKFurBPS/>

<https://edition.cnn.com/videos/world/2015/08/05/intv-china-baby-pleitgen-amanpour-xinran.cnn>